




Trúður á himninum

July 16, 2013



Áður en sjónaukinn var fundinn upp á 17. öld héldu flestir að Jörðin væri miðja alheimsins. Fólk taldi að sólin, reikistjörnurnar og allar stjörnurnar snerust í kringum okkur! Það var ekki fyrr en

við höfðum tækni til að skyggjast dýpra út í geiminn að okkur varð ljóst, að Jörðin ferðast ekki aðeins í kringum sólina, heldur ferðast sólín í kringum miðju Vetrarbrautarinnar.

Undanfarna öld hafa sjónaukar orðið þróað gríðarlega hratt. Nú höfum við risastóra útlitssjónauka sem ná yfir meira en 50 km svæði og eigum meira að segja sjónauka sem við sendum út í geiminn! Með þessum öflugum tækjum höfum við afhjúpað marga af dýpstu leyndardómum alheimsins, nokkuð sem forfeður okkar gátu varla látið sig dreyma um!

Á myndinni hér fyrir ofan sést hringþoka, leifar stjörnu sem dó hægt og rólega. Þessi tiltekna þoka nefnist „Trúðapokan“, sérðu hvers vegna? Hún minnir á trúð með skrautlegt úfið hár og stórt, glansandi nef í miðjunni!

Þokan fannst árið 1757 en í dag erum við enn að læra eitthvað nýtt um hana! Fjólublái liturinn sýnir gas sem er milljón gráðu heitt. Rauða, græna og bláa mynstrið sýnir ytri lög stjörnunnar sem vörpuðust út í geiminn. Ekki er langt síðan stjörnufræðingar fundu tvær mjög heitar stjörnur sem búa í miðju þessa gasskýs og dansa í kringum hverja aðra!

COOL FACT

Galíleó Galílei var einn fyrsti maðurinn sem bendi sjónauka til himins. Á sinni ævi bylti hann skilningi okkar á alheiminum. Hann sýndi okkur að tunglið er ekki slétt og felld heldur þakið gígum; að sólín okkar hefur bletti og að Júpíter hefur sín eigin tungli!

This Space Scoop is based on a Press Release from [Chandra X-ray Observatory](#).
[Chandra X-ray Observatory](#)



This website was produced by funding from the European Community's Horizon 2020 Programme under grant agreement n° 638653